



2012

Þjóðarspegillinn

Hver er landslags- sérfræðingurinn?

Um fagurfræðilegt gildi landslags í
ákvarðanatöku og umhverfisskipulagi

Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar
Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hver er landslagssérfræðingurinn?

Um fagurfræðilegt gildi landslags í ákvarðanatöku og umhverfisskipulagi

Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir

Efni þessarar greinar byggir á niðurstöðum rýnihópsrannsóknar sem er hluti af doktorsverkefni höfundar í heimspeki um fagurfræðilegt gildi landslags. Markmið rannsóknarinnar var að kanna leiðir til þess að bera kennsl á, meta og taka tillit til fagurfræðilegs gildis landslags í ákvarðanatöku er varðar náttúruvernd og nýtingu. Rannsóknin fólst í að ræða við hóp fólks sem talist geta nokkurs konar „sérfræðingar“ í landslagi þar sem allir þátttakendur höfðu fengist við landslagshugtakið í starfi sínu í stjórnsýslu eða háskólasamfélaginu. Hér verður fjallað um þau þemu og hugmyndir sem rædd voru í rýnihópnum og skoðað út frá þeim hvaða leiðir sé best að fara til þess að auka vægi fagurfræðilegs gildis landslags í ákvarðanatöku.

Jafnvel þó gildi landslags sé líklega eitt af mikilvægustu gildum íslenskrar náttúru hefur landslagshugtakið hingað til ekki leikið stórt hlutverk í náttúruvernd á Íslandi. Margir staðir, sem búa yfir einstöku landslagi og náttúruferð, hafa ekki mikið líffræðilegt eða jarðfræðilegt gildi samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og því virðist ekki vera ástæða til að vernda þessa staði ef eingöngu er miðað við alþjóðlega viðurkennda mælikvarða eins og um líffræðilega fjölbreytni. Landslag og ferurð léku þó ákveðið hlutverk í náttúruvernd um miðja 20. öld, t.d. hlutu margir staðir vernd í gömlu náttúruminjaskránni vegna sérstakrar ferurðar og landslags (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, 2010). Þetta var áður en yfirvöld á Íslandi hófu að undirrita alþjóðlega sáttmála um náttúruvernd, en með þessum sáttmálum fylgdu alþjóðlegir mælikvarðar til að meta líffræðilega fjölbreytni, tegundir í útrýmingarhættu o.s.frv. og samhliða þeim krafan um að ákvarðanir um náttúruvernd skyldu byggja á hlutlægum, náttúruvísindalegum mælingum.

Í dag myndi engum, sem vinnur að ákvarðanatöku um náttúruvernd innan stjórnsýslunnar, láta sér detta í hug að stinga upp á að vernda beri svæði einungis vegna ferurðar; slík uppástunga yrði ekki tekin alvarlega, þar sem ferurð er ekki hægt að mæla samkvæmt sömu hlutlægu aðferðum og viðmiðum og notað eru til að meta til dæmis líffræðilega fjölbreytni. Þetta er sami vandi og Edmund Husserl fékkst við þegar hann gagnrýndi hinn Evrópska/vestræna vísindalega hugsunarhátt fyrir að breyta heimi skynjaðrar náttúru í stærðfræðilegan heim, þar sem öllu sem ekki er hægt að mæla samkvæmt vísindalegum, hlutlægum útreikningum og er þar með dæmt „huglægt“, er útrýmt á þeim forsendum að það sé einskis virði; ónákvæmt og ófullnægjandi. Þetta er enn fremur sá vandi sem ég hef reynt að glíma við í doktorsverkefni mínu með því að taka til skoðunar hugtökin landslag og ferurð í tengslum við umræðu um ákvarðanatöku um vernd og nýtingu náttúru á Íslandi. Þar birtist skýrt dæmi um það hvernig hin vestræna, raunvísindalega hugsun getur skapað vandamál vegna vangetu sinnar til þess að greina og skýra þær víddir veruleikans sem ekki er hægt að mæla á hefðbundinn hlutlægan hátt. Þetta vandamál má sjá skýrt í eftirfarandi sögu: Fyrir rúmu ári síðan var ég viðstödd fund á vegum Skipulagsstofnunar þar sem markmiðið var að ræða leiðir til þess að fást við gildi

landslags í ákvarðanatöku og aðferðir til þess að komast að því hvað landslag er og hvers virði það er. Landslagshugtakið hefur verið skilgreint bæði út frá hlutlægum eiginleikum landsins og út frá huglægri reynslu þess sem dvelur í landslaginu. Á fundinum, sem hér um ræðir, voru margir landslagsarkitektar og annað fagfólk sem hafði mjög góðar tæknilegar aðferðir til þess að fást við hinn svokallaða hlutlæga þátt landslagsins. Allt sem hægt var að mæla var mælt og sett upp sjónrænt í gegnum kort, töflur og tölur. En einn þessara fagmanna lagði fram kvörtun: Við höfum öll mjög góðar aðferðir til þess að mæla og meta hina sjónrænu, hlutbundnu eiginleika landslagsins en við kunnum ekki að fást við það sem landslag raunverulega er: það sem er hérna inni (sagði hann og benti á höfuð sitt). Og hinir fundargestirnir voru sammála honum. Vandamálið fólst þannig ekki í því að þessir „landslagssérfræðingar“ viðurkenndu ekki tilvist hins huglæga þáttar landslagsins, þau vissu bara ekki hvernig þau ættu að nálgast það að taka tillit til þessa þáttar.

Aðferðir

Til þess að svara spurningunni: hvernig á að höndla það sem er „hérna inni“ þurfum við fyrst að vita hvað landslag er. Í verkefni mínu færi ég rök fyrir því að hugtökin fegurð og hið fagurfræðilega leiki mikilvægt hlutverk í skilningi okkar á landslagi. Landslag er hugtak sem hefur mörg lög merkingar, eins og fegurð hefur landslag verið túlkað bæði út frá hlutlægum eiginleikum eða huglægri reynslu þess sem dvelur í landslaginu. Margir fræðimenn hafa á síðustu árum gagnrýnt ofuráherslu á hið sjónræna í túlkun á landslagshugtakinu og hvatt til víðari skilnings á landslagi sem sambandi eða samræðu milli manns og lands sem skapast í gegnum upplifun fólks af og í landslaginu. Þar sem áhersla á hið sjónræna (og þar með fjarlægð áhorfandans) hefur einnig verið miðpunktur athyglinnar í skilningi á fegurð og hinu fagurfræðilega hefur tilhneigingin verið sú að ýta fegurðinni til hliðar með hinu sjónræna þegar ætlunin er að víkka út landslagshugtakið. En ég færi rök fyrir því að í stað þess að túlka fegurð aðeins út frá hinu sjónræna, ættum við frekar að skilja fegurð og hið fagurfræðilega í mun víðara samhengi út frá því sambandi og samtvinnun vitundar og viðfangs sem reynslan af fegurð einkennist af (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2010b, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2011). Ef fegurðarhugtakið er víkkað út á þennan hátt er ekki hægt að segja að áhersla á fegurð í skilningi okkar á landslagshugtakinu stuðli að því að smætta landslag niður í hið sjónræna; frekar hjálpar þá fegurðarhugtakið okkur að skilja hvers konar samræða það er sem á sér stað á milli manns og lands og við köllum landslag.¹

En hvað er þá næsta skrefið, þegar landslagshugtakið hefur verið skilgreint á þann hátt sem viðurkennir bæði hina hlutlægu og huglægu þætti landslagsins (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2010a). Hvaða skref þarf að taka til þess að slíkur skilningur verði tekinn til greina í ákvarðanatökuferlinu? Markmið rýnihópsrannsóknarinnar var að fá hagnýtar hugmyndir um það hvernig væri hægt að taka tillit til fegurðargildis landslags í ákvarðanatöku. Ég hafði samband við aðila innan háskólasamfélagsins sem ég vissi að höfðu fengist við landslag á einn eða annan hátt í rannsóknum sínum, og svo hafði ég

¹ Önnur ástæða þess að ég legg áherslu á fegurðarhugtakið í skilningi á landslagi er íslenska samhengið sem ég vinn með. Eins og Edda R. H. Waage (2010, 2011, 2012) hefur sýnt með rannsóknum sínum á notkun orðsins landslag er landslagshugtakið mjög nátengt fegurðarhugtakinu í íslensku tungumáli. Það virðist því óhjákvæmilegt að rannsaka fegurðarhugtakið í þessu íslenska samhengi, sérstaklega þegar lítið er til þess að sambandið á milli þessara hugtaka virðist vera ein helsta ástæða þess að reynst hefur svo erfitt að höndla landslag þegar kemur að umhverfismati og ákvarðanatöku hér á landi.

samband við þær opinberu stofnanir sem fást við náttúruvernd og mat á náttúru og það um að þær sendu fulltrúa sem hafði unnið með landslagsmál og/eða umhverfismat. Hópurinn samanstóð á endanum af níu manns, sex frá háskólasamfélaginu og þremur frá opinberum stofnunum (líffræðingar, landfræðingar, umhverfisfræðingar, mannfræðingar, landslagsarkitektar og listamenn) og þeir höfðu unnið með landslag í ólíku samhengi. Fundur hópsins var tekinn upp með upptökuteki með samþykki þátttakenda, auk þess sem ritari skráði niður umræðuna. Upptakan var svo afrituð námkvæmlega og að lokum fór gagnagreining fram þar sem framkvæmd var opin kóðun til að finna meginþemun, og síðar markviss kóðun til að rýna betur í þemun og draga fram aðalatriði.

Þegar ég undirbjó mig fyrir rýnihópsrannsóknina reyndi ég að draga úr öllum væntingum mínum, en ég verð að viðurkenna að það var þó eitt sem ég vænti: umræðu um allar þær mismunandi aðferðir sem hafa verið notaðar til að greina og meta landslag; ég bjóst við að þátttakendurnir hefðu jafnvel sterkar skoðanir á því hvað væri besta aðferðin til að fást við landslag og fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi þess. Myndu sumir þeirra halda því fram að það að greina og flokka hlutbundna eiginleika landslagsins væri nóg á meðan aðrir mæltu með fyrirbærafræðilegum nálgunum þar sem “huglægri” reynslu af landslagi væri veitt meiri athygli? Eða myndu þátttakendur mæla með spurningalistum með myndafyrirlögn eða djúpvíðtölum við þá sem dvelja í landslaginu? En ég komst fljótt að því að umræðan í hópnum leiddi ekki til þessara spurninga. Ástæðan virtist vera sú að í huga þessara sérfræðinga, sem hafa ef til vill vissa innsýn í það hvernig ferli ákvarðanatöku gengur fyrir sig hér á landi, eru svörin við þessum spurningum ekki það sem mestu máli skiptir á þessu stigi. Á vissan hátt færðu þátttakendurnir mig aftur um eitt skref, þar sem þeir lögðu til að áður en hafist væri handa við að finna ákveðnar leiðir og aðferðir til að greina og meta landslag og fagurfræðileg gildi þess yrði samfélagið sjálft að læra að skilja og viðurkenna mikilvægi og merkingu þessara gilda í gegnum opna samræðu. En þrátt fyrir að rýnihópurinn hafi ekki rætt ákveðnar aðferðir við landslagsmat, ræddi hann aðferðir til að skapa slíka samræðu, auk þess að ræða þau vandamál sem þarf að yfirstíga áður en komið er að sjálfu landslagsmatinu.

Niðurstöður

Ein megin niðurstaða rýnihópsins var þannig sú að það mikilvægasta á þessu stigi málsins er ef til vill ekki hvaða tegund aðferðar er notuð til að meta landslag, heldur er það mikilvægasta í fyrsta lagi að skapa samræðu og umræðu um landslag í samfélaginu, og í öðru lagi að muna að þegar að kemur að því að finna aðferðir við landslagsmat er mikilvægast að fordást alla smættun. Landslag er margþætt hugtak sem ekki er hægt að smætta niður í eina af mörgum hliðum þess.

Þau þemu sem einkenndu umræðu hópsins mest voru í fyrsta lagi umræða um vandamálin sem fylgja hinni „huglægu“ hlið landslags og ástæður þess að sú hlið hefur ekki hlotið sinn sess í ákvarðanatöku um landnýtingu; og í öðru lagi umræða um hvað þarf að gera – jafnvel þó hópurinn hafi ekki stungið upp á ákveðnum aðferðum við landslagsmat þá ræddu þau hvað slík aðferð þyrfti að fanga og ná yfir. En víkjum fyrst að þeim vandamálum sem þátttakendur báru kennsl á.

Vandinn

Stærstu vandamálin sem þátttakendur báru kennsl á tengjast tveimur ólíkum en tengdum málum. Annars vegar er það vandamálið sem snýr að því að ekki er hægt að mæla fagurfræðilegt gildi landslags á sama hátt og önnur gildi eins og gildi líffræðilegrar fjölbreytni, og að slíkt gildi er heldur ekki hægt að fanga á einum tímapunkti þar sem fólk gefur hlutum mismunandi gildi á mismunandi tímum og í

mismunandi menningarheimum. Þetta er vandinn sem snýr að „huglægni“ fagurfræðilegra gilda. Hins vegar er það vandinn sem snýr að þeim kerfum sem samfélagið hefur komið sér upp til þess að byggja ákvarðanir sínar í umhverfismálum á – en þessi kerfi eru ekki gerð til þess að fanga og taka tillit til þessara gilda. Þessi vandamál eru augljóslega tengd. Það er vegna hinnar téðu huglægni fagurfræðilegra gilda sem þau passa ekki inn í þau kerfi sem við höfum og byggja á vísindalegum og hlutlægum útreikningum sem eru ekki gerðir til að höndla „huglæg“ gildi.

Huglægni

Einn þátttakendanna sagði að vegna þess að fólk upplifir landslag á mismunandi hátt þyrfti breiður hópur fólks að koma að því að fanga gildi landslagsins og að þetta væri eitthvað sem væri augljóslega ekki hægt að reikna út í tölvulíkani. Þessi áhersla kom oftast fram í umræðunni – að þau gildi sem við værum að reyna að fanga væru eitthvað sem ekki er hægt að mæla eins og mengun eða líffræðilega fjölbreytni, og að einmitt vegna þess hvers eðlis þessi gildi eru væri hættulegt að reyna að láta þau passa inn í einhver reiknilíkon því það myndi leiða til smættunar. Ástæða þess að það yrði svo erfitt og hættulegt að reyna að koma fagurfræðilegu, upplifunar- og tilfinningalegu gildi landslags inn í reikningsferli ákvarðanatökunnar er sú að fegurðardómar breytast eftir tíma, stað og fólki. Þátttakendurnir sögðu margar sögur sem allar höfðu sama boðskapinn: mismunandi einstaklingar, kynslóðir, eða þjóðir og þjóðfélagsþópar geta haft mjög ólíkar hugmyndir um íslenskt landslag og fegurð þess. Jafnvel þó margir njóti upplifunar af íslenskri náttúru eru alltaf til undantekningar og margskonar mismunandi viðhorf, og það gerir það erfitt verk að ætla að negla niður í eitt skipti fyrir öll hvert gildi upplifunarinnar af íslensku landslagi er.

Kerfin

Hitt vandamálið sem snýr að fagurfræðilegu gildi landslags snýr að kerfinu sem ekki er hannað til þess að ná að fanga slíkt gildi. Einn þátttakendanna lýsti þessu vandamáli á eftirfarandi hátt:

við erum alltaf að segja sögur af landslagi sko...við segjum sögur af upplifun okkar af landslagi..ég held að vandamálið sé að þessi kerfi sem við erum búin að búa til í kringum stjórnun á hinu og þessu..þar á meðal umhverfismati og öllu þessu sko..að þau eru bara ekki hönnuð til að höndla slíkt..þau taka ekki mark á sögum..og mér finnst þetta í rauninni vera stórmál..að hérna..bera virðingu fyrir sögum og einhverju sem er ekki sko rammað inn í kassa.

Þegar við ræðum um fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi landslags erum við að vísa í reynslu; reynslu sem við segjum sögur af. Ef við viljum fanga þetta gildi þurfum við að skoða reynsluna, sögur einstaklinga og samfélaga, því að það er þar sem maður og landslag mætast – það eru þessar sögur sem skapa merkingu og gildi landslags. Vandamálið er að þau kerfi sem við höfum eru ekki hönnuð til að skoða reynsluna, eins og einn fulltrúi opinberrar stofnunar úr hópnum benti á er fagfólkið sem vinnur innan þessara kerfa alltaf að leitast við að byggja mat sitt á hlutbundnum viðmiðum:

spurning hvort að hversu vel kerfi..það kerfi sem við búum við í dag ræður við þetta...ég meina... í dag höfum við mat á umhverfisáhrifum þar sem að ...jújú menn eru að myndast við að greina einhverskonar landslagsheildir...það er kannski frekar auðvelt að gera..já hér er þessi landslagsheild og svona...en eftir veikum mætti stundum að reyna að segja að þessi heild hefur mikið eða lítið gildi..þá oft bara út frá einhverjum hlutbundnum viðmiðum: þarna er mjög mikið af svæðum sem eru á ... njóta verndar 37.greinar náttúruverndarlaga...hafa

bara eitthvað svona sem þau geta hengt sig beint í...í einstaka tilfellum kannski spjallið þið við einhverja...en... þannig að ...sú aðferðafræði er er...svona á...byrjunarreit í rauninni...en þeir ráðgjafar sem vinna í mati á umhverfisáhrifum spyrja stundum, hvernig er þetta best gert og hvað eigum við eiginlega að gera?

Eins og sjá má af þessu er kerfið ekki tilbúið til þess að höndla upplifunina af landslagi – kerfið er fast í þeim hugsunarhætti að ef það er ekkert hlutbundið viðmið fyrir hendi sem segir okkur að eitthvað hafi gildi, þá sé ekkert til staðar sem þarf að meta.

En hvernig er hægt að leysa þessi vandamál? Þær lausnir sem þátttakendurnir ræddu skiptast í fimm þemu sem verða nú rædd.

Sögur

Fyrsta þemað hef ég nú þegar minnst á: sögur. Mikilvægi þess að hlusta á og skoða sögur þeirra sem tengjast landinu var bæði rætt beint af þátttakendunum en það kom líka fram í þeirri staðreynd að mikið af umræðunni um landslag og gildi þess einkenndist af sögum. Allir þátttakendurnir höfðu sögur að segja af reynslu af og tengslum við landslag, þeirra eigin eða annarra, sem þeir notuðu til þess að útskýra viðhorf sín til landslags. En hvernig er hægt að hlusta á þessar sögur og taka tillit til þeirra í ákvarðanatöku? Á sögur hverra ættum við að hlusta? Þátttakendurnir virtust allir sammála um að það þyrfti að taka tillit til sagnanna af reynslu og tengslum fólks við landslagið en enginn þeirra vildi stinga upp á sérstakri aðferð til þess að gera það. Og sú staðreynd leiðir okkur að næsta þema.

Aukin umræða og meðvitund

Þátttakendurnir voru sammála um að það mikilvæga væri ekki að finna hina einu, sönnu og réttu aðferð til þess að meta fagurfræðilegt gildi landslags á Íslandi. Þeir virtust halda að slíkt gildi yrði aldrei tekið inn í ferli ákvarðanatöku án þess að umræða og meðvitund um landslag og gildi þess yrði aukin í samfélaginu fyrst. Það sem þarf að gera er því að skapa umræðu í samfélaginu til þess að gera fólk meðvitaðra um mikilvægi landslags og hlutverk þess í lífsgæðum okkar. Eins og einn þátttakendanna sagði í gríni: „það ætti að skylda alla í 6 daga göngu til að auka meðvitund fólks“ Sumir þátttakendur stungu líka upp á að það að kunna að meta landslagsfegurð sé eitthvað sem við lærum að gera, og að rétt eins og skólanámskráin segi til um að börn skuli læra að „lesa“ listir, ætti hún líka að segja til um að börn ættu að læra að „lesa landið“. Ef meiri áhersla væri lögð á þetta í skólum og barnauppeldi myndi fólk læra að vera næmara fyrir umhverfi sínu og læra að meta þau jákvæðu áhrif sem fallett landslag hefur á okkur.

Evrópski landslagssáttmálinn

Þriðja þemað snýr að Evrópska landslagssáttmálanum sem kom til umræðu nokkrum sinnum. Sumir þátttakendanna lögðu áherslu á að sáttmálinn væri einmitt það tæki sem við þyrftum til að auka meðvitund fólks um landslag:

af því þú varst að tala um Evrópska landslagssamninginn að þá..að ég held að menn halda að hann sé bara sko hluti af því að setja þetta í kerfi...en það er alrangt..hann er í raun og veru fyrst og fremst hugsaður til þess að vekja athygli á okkar umhverfi og landslagi, það eru engar kröfur um að það eigi að setja allt í eitthvað kerfi og mæla og meta...það er bara að við tökum það inn...svona meðvitund um þennan fjölbreytileika og sérstöðu það er fyrst og fremst það og svo að fá frelsið til að vinna út frá því.

Annað sem kom fram varðandi landslagssáttmálann var að samkvæmt honum á grundvöllurinn að landslagsmati alltaf að vera falinn í því að skilgreina landslag út frá hlutbundnum eiginleikum – þannig að hin hlutbundna hlið landslagsins er alltaf tekin til greina – en samhliða því þarf að taka til greina skynjun og reynslu fólks af landslaginu.²

Landslag - marglaga hugtak

Þetta tengist öðru þema sem kom sterkt fram í umræðunni og það er að landslag er ekki eitthvað sem hægt er að festa hendur á með einni aðferð eða lausn, einfaldlega vegna þess að landslag er margþætt hugtak:

sko ég held þetta sé samsetning margra þátta..ef maður skoðar svoldið landslagshugtakið þá er það í raun og veru samsetning margra þátta..það er sko út frá náttúruvísindum..það er semsagt gróður og allt þetta..og það er líka þetta menningarlega..og þar höfum við sögurnar...búsetuna, þróunina sem hefur kannski verið í gegnum aldir, og síðan erum við með þetta sjónræna..og þetta sjónræna getur þá verið áferð og form og litir...allir þessir þættir þeir spila inn í og gera landslagið að einhverri heild þegar þú gengur hérna niðrefur..þá er það ekki bara einhver einn þáttur sem virkar á þig...það er allt mögulegt..og við erum ..og svo...er kannski hægt að bæta líka af því við erum á Íslandi, veðrinu þarna inn í ...og ég held að hérna..að þegar við erum að meta landslag á einhvern hátt að þá tengist það svoldið mikið þessum áhrifum en þetta eru allir þessir þættir sem spila þarna inn í ...þú getur ekki tekið einn einasta þátt út úr...það er svoldið hættulegt..

Eins og annar þátttakandi benti á þá er „sennilega aldrei hægt að finna einhverja eina leið..þannig að þetta verður alltaf margar ólíkar leiðir bara vegna þess hvers eðlis hugtakið er“.

Að tala við fólk

Síðasta þemað sem ég fjalla um hér er ef til vill mikilvægasti lærdómurinn sem má draga af umræðunni í rýnihópnum en það er þemað sem ég kalla „að tala við fólk“. Eins og áður kom fram ræddi hópurinn ekki mikið um ákveðnar aðferðir við landslagsmat, en þó má segja að mælt hafi verið með einni ákveðinni aðferð og það var sú aðferð að tala við fólk. „Mælitækið þarf náttúrulega að vera manneskja, eða margar manneskjur“ sagði einn þátttakandinn, og benti á nauðsyn þess að tala við eins marga mismunandi hópa fólks og hægt er. Nálægt lokum umræðunnar barst hlutverk landslagssérfræðings til tals eftir að ég minntist á að í gegnum alla umræðuna hefðu þau öll lagt áherslu á þörfina á að tala við fólk, en enginn þeirra hafði minnst á að það þyrfti að vera til staðar landslagssérfræðingur sem sæi um að meta landslagið. Einn af þátttakendunum benti þá á að þetta er „spurning einmitt um mismunandi þekkingu hvort sem hún er..hvað getum við kallað sérfræðiþekkingu? Ég meina bóndinn sem að fer í göngur, hann er ábyggilega jafnmikill sérfræðingur og listamaðurinn eða líffræðingurinn eða jarðfræðingurinn eða mannfræðingurinn“ og annar þátttakandi svaraði: „ég meina er það ekki landslagssérfræðingurinn sem að einmitt þá sér um það að tala við alla? og kalla eftir ...já að fá yfirsýnina... en það er ekki hans að byggja þetta á sinni eigin þekkingu, já sá sem safnar saman sögunum... er ekki sérfræðiþekkingin fólgin í því?“

² Sjá Evrópska landslagssáttmálann: Greining, lýsing og mat á landslagi er fyrsta stig hvernar landslagsstefnu. Þetta felur í sér greiningu á útlitslegum, fornleifafræðilegum, sagnfræðilegum, menningarlegum og náttúrulegum einkennum og tengslum þeirra, sem og greiningu á breytingum. Skynjun almennings á landslagi ætti líka að greina bæði frá sjónarhóli sögulegrar þróunar og mikilvægis hennar í núinu (Council of Europe – Committee of Ministers, 2008, bls.2, þýðing mín).

Ef til vill hittir þetta einmitt naglann á höfuðið: kunnáttufólk um landslag eru allir þeir mismunandi hópar sem tengjast landslaginu í gegnum reynslu sína, hvort sem það eru íbúar eða gestir. Til þess að geta greint og öðlast skilning á gildi landslags þarf að safna saman öllum sögunum af landslaginu og raða þeim saman í heildarmynd. Íslenskt landslag hefur mörg lög af sögum til að segja: fyrst er það jarðfræðisagan sem jarðfræðingar og þeir sem hafa upplifað áhrif jarðhræringa geta sagt okkur; svo er það gróðursagan, sögð af líffræðingnum eða bóndanum; fornleifafræðisagan og mannfræðisagan af þróun mannvistar í landslaginu; sögur listamanna, skálda og fagurfræðinga; og að lokum sögur þeirra sem dvelja og búa í landslaginu og tengjast því í gegnum mismunandi upplifanir og reynslu. Landslagssérfræðingurinn er sá sem getur hlustað á og tvinnað saman allar þessar sögur svo úr verði heildstæð mynd af landslaginu sem fólkið sem sagði sögurnar getur svo notað til þess að hugleiða framtíðarþróun þess. Þetta er það sem lögð er áhersla á í Evrópska landslagssáttmálanum: almenningur á að taka virkan þátt í að ákveða framtíð landslagsins; og til þess þarf hann tækifæri til að hugleiða hverskonar breytingar halda sögunni áfram á viðeigandi hátt og hverskonar breytingar passa ekki inn í sögu landslagsins?

Samantekt

Markmið rýnihópsrannsóknarinnar var að finna hagnýtar leiðir til þess að taka tillit til fagurfræðilegs, upplifunar- og tilfinningalegs gildi landslags í ferli ákvarðanatöku. Jafnvel þó þátttakendurnir hafi hikað við að mæla með ákveðnum aðferðum, deildu þeir mörgum gagnlegum uppástungum um það hvað þarf að gera til þess að geta betur sinnt landslagi og margþættu gildi þess. Eins og kom fram í niðurstöðunum töldu þátttakendur þurfa að:

- viðurkenna að landslag er margþætt og að mismunandi hliðar þess er ekki hægt að smætta niður í eina
- tala við fólk, gefa almenningi færi á að taka þátt í því að greina, meta og skipuleggja landslagið
- gefa rými til þess að hlusta á sögur
- auka meðvitund og menntun um landslag
- og síðast en ekki síst, að undirrita og fullgilda Evrópska landslagssáttmálann

Þessi síðasta uppástunga er ef til vill sú mikilvægasta, þar sem allar hinar eru mjög í takt við almenn viðmið Evrópska landslagssáttmálans. Þar er lögð áhersla á að landslag sé margþætt; eitt af hinum almennu viðmiðum sáttmálans er að:

viðurkenna grundvallarhlutverk þekkingar: Greining, lýsing og mat á landslagi er fyrsta stig hvernar landslagsstefnu. Þetta felur í sér greiningu á útlitslegum, fornleifafræðilegum, sagnfræðilegum, menningarlegum og náttúrulegum einkennum og tengslum þeirra, sem og greiningu á breytingum. Skynjun almennings á landslagi ætti líka að greina bæði frá sjónarhóli sögulegrar þróunar og mikilvægis hennar í núinu (Council of Europe – Committee of Ministers, 2008, bls.2, þýðing mín).

Annað almennt viðmið er að:

Notast við þátttöku almennings: Allar aðferðir sem farið er í til að skilgreina, innleiða og fylgjast með landslagsstefnu ættu að fara í gegnum ferli sem tryggir þátttöku almennings og annarra hlutaðeigandi aðila, með það að markmiði að

gera þeim kleift að hafa virkt hlutverk í að móta, innleiða og fylgjast með markmiðum um landslagsgæði (Council of Europe – Committee of Ministers, 2008, bls.3, þýðing mín).

Enn annað viðmið er að:

Stuðla að aukinni meðvitund: Virk þátttaka almennings þýðir að sérhæfð þekking ætti að vera öllum aðgengileg, það er, það ætti að vera auðvelt að nálgast hana, og hana ætti að skipuleggja og kynna þannig að hún sé skiljanleg þeim sem ekki búa yfir sérfræðiþekkingu (Council of Europe – Committee of Ministers, 2008, bls.3, þýðing mín).

Sáttmálinn leggur líka áherslu á aukna menntun í skólum:

Landslagspjálfun ætti að styrkja til þess að þróa næmni barna fyrir spurningum sem eru líklegar til að koma upp þegar þau skoða gæði umhverfis síns (Council of Europe – Committee of Ministers, 2008, bls. 13, þýðing mín).

Ef allar þessar uppástungur yrðu innleiddar myndu þær sögur sem lýsa upplifun og tengslum okkar af landslagi – sögurnar sem við tengjum við fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi landslags - kannski fara að heyrast betur. En eins og einn þátttakandinn benti á í umræðunni, er það á endanum pólitískt úrlausnarefni hvað við gerum við landslag. Innleiðing Evrópska landslagssáttmálans myndi eflaust hjálpa okkur að hefja samræðuna um landslag og það myndi gera okkur hæfari um að taka pólitískar ákvarðanir um það hvernig við verndum eða nýtum landslagið. Það að auka meðvitund almennings og gera honum kleift að koma að ákvarðanatökunni myndi leiða til betri ákvarðana. Í sumari sem leið tóku íslensk stjórnvöld loksins hið mikilvæga skref að undirrita sáttmálann³ og vonandi er innleiðing hans strax komin á dagskrá. Það er mikið í húfi, og liggur á að landslagi verði gert hærra undir höfði þegar mat er lagt á gæði landsins þar sem nú á næstunni verða teknar ákvarðanir um framtíðarorkunýtingu (sem er líklega helsta ógnin við landslag á Íslandi) þegar Rammaáætlun verður tekin fyrir á þingi. Almennigur hér á landi hefur á síðustu árum gert æ háværingu um að fá að taka aukinn þátt í ákvarðanatökuferlinu; mörg minni náttúruverndarsamtök hafa verið mynduð um allt land þegar landslagi er ógnað vegna áætlana um orkunýtingu. Þannig má segja að almenningur hafi nú þegar hafið innleiðingu Evrópska landslagssáttmálans með því að segja sínar sögur af fagurfræðilegum, upplifunar- og tilfinningalegum tengslum sínum við landið. Við skulum vona að stjórnvöld gangi með þeim í lið og hefji vinnu við að betrubæta og vernda þau landslagsgæði sem við búum við.

³ Sjá: <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2162>

Heimildir

- Council of Europe - Committee of Ministers. (2008). Recommendation CM/Rec(2008)3 of the Committee of Ministers to member states on the guidelines for the implementation of the European Landscape Convention. Sótt 29. ágúst 2012 af [https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?Ref=CM/Rec\(2008\)3&Language=lanEnglish&Ver=original&Site=CM&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75](https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?Ref=CM/Rec(2008)3&Language=lanEnglish&Ver=original&Site=CM&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75)
- Edda R. H. Waage. (2010). Landscape as conversation. Í Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund (ritstjórar), *Conversations with landscape* (bls. 45–58). Farnham: Ashgate.
- Edda R. H. Waage. (2011). Að rannsaka merkingu hugtaks: Landslag og upplifun almennings. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Þjóðarspegillinn: Rannsóknir í Félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild* (bls. 141-150). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Edda R. H. Waage (2012). Landscape in the sagas of Icelanders: The concepts of *land* and *landsleg*. *Norsk Geografisk Tidsskrift – Norwegian Journal of Geography*, 66, 177-192.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2010a). Landscape and aesthetic values: Not only in the eye of the beholder. Í Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund (ritstjórar), *Conversations with landscape* (bls. 109–125). Farnham: Ashgate.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2010b). Háleit fegurð: Fegurðarhugtakið í feminískum og fyrirbærafræðilegum skilningi. *Hugur*, 22, 71-85.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. (2011). Endurheimt fegurðar á tímum náttúrunnar. *Hugur*, 23, 89-103.
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. (2010). *Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Reykjavík: Háskóli Íslands.